

**Ed.**

**497. Breytingartillaga**

við frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá Eiríki Einarssyni.

Á eftir 5. gr. komi ný gr., er verður 6. gr. og hljóði svo:

Áður en hafizt er handa til húsagerðar á prestssetri samkv. lögum þessum, skal leitað rökstuddrar umsagnar sóknarnefnda í prestakallinu um, hvort hið fyrra prestssetur eða annar ákveðinn staður í prestakallinu henti best sem frambúðarprestsetur.